



Reykjavík, 26. ágúst 2024

MSS24060130

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun skerðingarmarka sérstaks húsnæðisstuðnings

Þann 27. júní 2024 lagði áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Hvenær er áætlað að Reykjavíkurborg hækki skerðingarmörk sérstaks húsnæðisstuðnings til að tryggja að nýleg hækkun húsnæðisbóta skili sér til þeirra sem hún er ætluð?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar velferðarsviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar 19. ágúst 2024.

Svar:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, var samþykkt á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2024 og á fundi borgarráðs 22. ágúst 2024, að fenginni umsögn frá fjármála- og áhættustýringarsviði.

Samkvæmt tillögunni tekur breytingin á hækkun tekjumarka vegna sérstaks húsnæðisstuðnings gildi afturvirktt frá 1. júní 2024, í samræmi við breytingar á lögum um húsnæðisbætur sem samþykktar voru á Alþingi 17. maí 2024.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu



Reykjavík